

2. a) Ef svarið er að barninu líði mjög eða frekar vel, getur þú nefnt dæmi um hvernig þú merkir það í hegðun barnsins?

- Er jákvæð og glöð
- Ekkert mál að skilja hann eftir á morgnanna og glaður þegar við sækjum hann.
- Ánægð að fara og grætur ekki þegar er kvatt, er í góðu skapi þegar sótt
- Er glaður þegar hann kemur í leikskólann, talar um að það sé gaman þar og vill jafnvel ekki koma með mér þegar ég kem að sækja hann
- Glaður að fara í leikskólann og glaður eftir daginn
- Ánægt og hlakkar til að mæta.
- Hún er svo ný að hún er enn að venjast, en ég vona að hún fari að taka við sér :)
- Hann er ánægður að fara í skólann og talar fallega um starfsmenn.
- Alltaf svo glöð að mæta og talar svo mikið um konurnar sínar á deildinni
- Glöð að fara í leikskólann, vill helst fara á laugardögum og sunnudögum líka.
- Glöð að koma, glöð að fara. Engin streitumerki. Hlakkar til að fara, biður um að fara á leikskólann.
- Hann er glaður að leik, en annars er svo stuttur tími kominn að það er erfitt að segja til um það.
- Jákvæðni og sjálfstæði
- Þeir eru mjög kátir og vilja fara
- Glöð/glaður þegar ég sæki þau og tala vel um leikskólann. Aðlögun gekk vel.
- Því finnst gaman að fara í leikskólann, talar um vini sína og starfsfólk. Barnið hleypur inn á deild þegar það kemur í skólann og finnst greinilega gaman. Talar um skemmtilega hluti sem voru gerðir yfir daginn.
- Barninu hlakkar til að fara í leikskólann og biður um að fá að leika við krakkanna.
- Hann vill fara á leikskólann að leika við krakkana og talar mikið um fóstrurnar sínar
- Hún fer til starfsmanna viljug og virðist ánægð þegar komið er með hana á morgnana
- Barnið er glatt að fara í leikskólann og lætur almennt vel af leikskólanum
- Vill yfirleitt fara í leikskólann, kátur að sjá þegar hann er sóttur.
- Vill fara í leikskólann þegar hann er spurður. Kveður mig glaður á morgnana og er kátur þegar hann er sóttur.
- Þegar ég sæki hana eftir daginn þá er hún glöð, oftast ennþá í leik eða að lit sem er í uppáhaldi og vill ekki fara.
- He is happy to go to playschol, he talks about what he does there and talks about the people there...not to mention that he says "ég elska bara Jóhanna:)"
- Hún er glöð og á fullu að leika sér þegar ég sæki hana þó hún sé ekki alltaf sátt við að fara á leikskólann.
- Þau tala alltaf um hversu gaman það var á leikskólanum , þeim finnst einnig svo gaman að þau vilja varla koma heim þegar við erum að sækja þau :)
- Hann er glaður að fara í skólann og í góðu jafnvægi þegar hann er sóttur.
- Er sáttur þegar að ég skil hann eftir á morgnana og ánægður þegar að ég sæki hann.
- Virðist vera ánægð í leikskólanum.
- Hann er alltaf spenntur að fara í leikskólann og er ekkert að flýta sér heim í lok dags :)

2. b) Ef barninu líður frekar eða mjög illa, hvað er það helsta sem starfsmenn leikskólans geta gert til þess að bæta líðan þess?

- Sett upp verðlaunakerfi þegar barnið mætir á morgnanna svo það vilji frekar kveðja, skipt um hóp þar sem barnið var sett í hóp með börnum sem það tengdist betur, haldið fund með okkur foreldrunum.
- Barnið er eingöngu búið að vera á leikskólanum í rúma viku. Ef barninu líður illa þarf bara að tala við það og sýna því stuðning. Barnið er vant því að fá leiðsöng á rólegan og jákvæðan hátt sem skilar sér í betri hegðun.

3. a) Ef aðlögun barnsins gekk mjög eða frekar vel, getur þú nefnt dæmi um það sem þú varst ánægð(ur) með í aðlöguninni?

- Voru fá börn í einu þannig að allir fengu athygli
- Góður andi á deildinni, góðar konur með hlýja framkomu. Gott samstarf frá byrjun.
- Starfsfólkið tók vel á móti barninu, passar alltaf uppá að kveðja barnið. Hlýlegt viðmót við foreldra og barn. Mynd strax á hólfi barnsins
- Hlýja starfsfólks
- Vel tekið á móti okkur
- Gott viðmót starfsfólks
- mér finnst andrúmsloftið gott, starfsfólkið á deildinni og skipulagið í kringum þau :)
- Athyglin þegar hann mætti, hefur mjög góð áhrif á hann að einhver sinni honum frá fyrstu mínútu
- Vel tekið á móti barninu og lögð áhersla á að efla félagsleg tengsl hjá því srax.
- Fóstrurnar eru svo yndislegar og taka vel á móti honum og sýna mikla umhyggju.
- Starfsmenn töluðu vel við foreldra um hvernig við skyldum hafa þetta, góð samvinna.
- Barnið var leikskólavant svo það þurfti ekki mikla leikskóla aðlögun. En starfsfólkið gaf sér tíma til þess að kynna barninu og hjálpaði því að aðlagast.
- Starfsfólk tóku sér tíma til þess að kynna börnunum og lét þeim líða vel
- Sama svar og að ofan.
- Hvað starfsfólkið var hlýtt og áhugasamt um barnið mitt
- Allt gekk eins vel og við foreldrarnir og barnið hefðum geta óskað.
- Gekk hratt og vel fyrir sig, einhvernvegin smell passaði hann inn. Greinilegt að starfsmenn deildarinnar sem hann var á höfðu gott lag á því að aðlaga inn börn.
- Fékk að ráða lengdinni á aðlöguninni sjálf. Tók langa aðlögun og fannst ég alltaf velkomin inn á deild. Hefði þó mátt vera einn ákveðinn kennari sem tæki alltaf á móti honum alla daga.
- Ánægð að sjá hversu gaman var hjá henni á meðan ég var á svæðinu en var ekki eins gaman og þegar ég var að fara, þá var bara farið að gráta og hendurnar teygðar til mömmu. er þannig en þá stundum. annað hvort er hún bara svona mikil mömmu stelpa eða að athuga hversu langt hún getur gengið með að fá að hafa mig hjá sér á leikskólanum.
- Það gekk svo vel að aðlögun tók ekki langan tíma, kennararnir eru frábærir :)
- Hann var fljótur að taka skólann í sátt, bara alveg á fyrsta degi. Get ekki nefnt neitt ákveðið, bara þægilegt starfsfólk, engin læti, ekki farið of "harkalega" að honum...
- Hún er bara með mjög góða aðlögunarhæfni.
- Vel tekið á móti barni og foreldrum og góð samskipti og upplýsingaflæði á milli starfsfólks og foreldra.
- Barninu leið vel eftir leikskólann og sýndi engin merki um vanlíðan eða óöryggi.

3. b) Ef aðlögun gekk mjög eða frekar illa, hvað er það helsta sem starfsmenn leikskólans þurfa að gera til þess að aðlögun gangi betur þegar litið er fram á veginn?

- On reflection I think the playschool could have talked to the partents and given specific guidelines as to how to conduct tere goodbyes. Also to take videos of the child to assure the parents that the child was OK once mummy/daddy had left the scene.
- Það var ekki gott skipulag á aðlöguninni, mikið um eril á leikskólanum. Skapaði óöryggi hjá barninu að ekki var sama starfsfólkið á deildinni

4. a) Ef starfsmenn standa mjög eða frekar vel undir væntingum þínum varðandi daglega ummönnum, getur þú nefnt dæmi sem þú ert ánægð(ur) með?

- Jákvæðar, skipulagðar
- Mitt barn var 9. mánaða þegar það byrjaði og þær uppfylltu hans þarfir hvað varðar umönnun. Hljójar og góðar móttökur.
- Eru tilbúnir að koma til móts við þarfir okkar foreldra og barnanna okkar, eru allir af vilja gerðir til að gera leikskóladvölinu sem besta fyrir barnið.
- Svvara spurningum mínum vel, taka eftir og ræða líðan barns, kveðja barnið, taka vel á móti barninu, fáum bros/kveðju frá starfsfólki á öðrum deildum, hlýlegt viðmót.
- Sýna honum hlýju og væntumþykju, reyna eftir bestu getu að koma á móts við mig og okkur fjölskylduna hvað varða dagsdagleg atriði
- Gott samstarf og indælar manneskjur
- eins og er verð ég að seigja að ég er alveg ánægð með það sem ég hef séð og upplifað EN mér finnst það mega bjóða henni að drekka oftár!
- Yndislegt fólk, hlustar og virðir óskir manns.
- Hlúð er vel að barninu og þarfir og óskir þess hafðar að leiðarljósi
- mikil hlýja og barninu vel mætt.
- Umhyggja, glaðar.
- hress og jákvæð. virðast ánægð í starfi.
- Þær virðast vera spenntar þegar við mætum með hann á morgnana og eru duglegar að láta vita ef eitthvað bjátar á.
- þau hafið staðið við það sem að þau hafa sagst ætla að gera eins og að fylgjast með vissum hlutum sem ég bað um að fylgst yrði með
- Hrósa okkur fyrir að eiga duglegt, kraftmikið og skemmtilegt barn, tala vel um barnið og eru duglegir að finna áhugaverð verkefni sem barnið okkar hefur gaman af. Jákvæðir, opnir og gera sitt besta.
- Faglegir, elskulegir, góð samskipti við hópstjóra barnsins sem eru duglegri að finna því verkefni við hæfi
- Drengnum líður vel og líkar vel við kennarana. Mætti þó vera meiri regla á því hver annast hann þ.e.a.s. einn ákveðin hópstjóri sem tekur á móti honum á morgnana, sér að mestu um hann á daginn og kveður hann svo eftir daginn. Finnst einnig stundum vera svoldið rót á starfinu þ.e.a.s. börnin ráfa um inn á deild ekki í neinum ákveðnum leik, innan um stóla og annað sem hægt er að slasa sig á. Mætti líka vera regla að hafa börnin á tánum í leikfimissalnum, þá detta þau síður :)
- Drengnum líður vel og líkar vel við kennarana. Mætti þó vera meiri regla á því hver annast hann þ.e.a.s. einn ákveðin hópstjóri sem tekur á móti honum á morgnana, sér að mestu um hann á daginn og kveður hann svo eftir daginn. Finnst einnig stundum vera svoldið rót á starfinu þ.e.a.s. börnin ráfa um inn á deild ekki í neinum ákveðnum leik, innan um stóla og annað sem hægt er að slasa sig á. Mætti líka vera regla að hafa börnin á tánum í leikfimissalnum, þá detta þau síður :)
- When I go to pick him up I am almost always told what my son has been doing and how well or badly he ate at lunch-time.
- taka vel á móti henni, og ef við höfum haft spurningar og leitað ráða hjá þeim er það mjög auðsótt að fá aðstoð.

- Mér finnst frábært hvað skilaboð eru fljót að berast til foreldra , eins og ef eitthvað kom upp á eða ef það er eitthvað um að vera, finnst þetta bara frábær leikskóli.
- Strákurinn þarf töluverðan stuðning og hefur fengið hann fyrir tilstuðlan leikskólans. Hann þarf "öðruvísi" uppeldi (þolir t.d. illa "nei") og starfsfólk hefur bara fundið þetta og tekið fullkomið tillit til þess. Þetta gerir það að verkum að hann er glaður og hefur lært á umhverfið á sínum forsendum.
- Mér finnst ekki nógu vel fylgst með þegar þau klæða sig í og úr eftir útiveru, og það er rosalega oft sem eru blaut föt í hólfinu á rönguna og hreinlega vantar föt í hólfið.
- Barnið er hreint í framann og á höndum þ.e.a.s ekki með gamlar matarleifar.
- Sonur minn þarf sérstaka umönnun og athygli og þau veita honum það sem hann þarf og meira.
- Taka vel í að setja barnið reglulega á klósett þrátt fyrir ungan aldur. Sýna því áhuga.

4. b) Ef starfsmenn leikskólans standa mjög eða frekar illa undir væntingum þínum varðandi daglega ummönnun barnsins, hvað er það helsta sem þeir þurfa að bæta?

- Samskipti milli fyrriparts og seinniþarfs vaktu

5. a) Ef þú telur að viðfangsefnin sem barninu standa til boða uppfylli að litlu eða engu leyti námsþörf barnsins, hvaða viðfangsefni telur þú að uppfylli námsþarfir barnsins öðru fremur?

- Hann er enn það lítil, svo mér finnst erfitt að segja til um það. Enn mér finnst frábært hvað hann er samt tekinn með í allt.
- Þær uppfylla allar námsþörf barnsins
- listaverkefni og aðstaðan til þess. hreyfingin innandyra er góð í íþróttasalnum. En útisvæðið er allt of lítið.
- Engin reynsla komin enn.

6. a) Ef þú telur námsumhverfið hvetjandi og aðlaðandi, getur þú nefnt dæmi sem styður skoðun þína?

- Mér finnst útsvæðið mætti vera betra.
- Útsvæði, púðar, leikföng, tónlist, íþróttasalur, myndir strax á hólfi barnsins
- Hann er með kennara sem er mjög dugleg að fara með hópinn td. á bókasafn skólans og í vettvangsferðir
- Búið að gera allt húsnæðið upp, mjög vinalagt.
- Bjart og leikföng
- stórar stofur og sléttur lóð
- gott að hafa íþróttasal og listasmiðju. En stofan fyrir elstu börnin finnst mér of lítil, og útsvæðið er of lítið.
- Þau fá að fara í íþróttasal til þess að fá að hlaupa og hreyfa sig. Eru með stórt útileiksvæði
- SMT, flott útiaðstaða, þroskandi leikföng, uppsetning deilda og það er lagt umhugsun í mótun hópa til þess að allir njóti góðs af.
- Kennarar eru duglegir að hengja upp myndir og önnur listaverk eftir börnin. Litríkt og skemmtilegt umhverfi inn á deild. Fjölskylduþlöggin mjög skemmtileg. Verður gott að fá leikvöll fyrir framan leikskólann svo litlu börnin þurfi ekki að fara niður stiga til að komast á útsvæðið.
- er mjög hrifin af leikfimaðstoðinni þar sem barnið mitt er mjög fjörugt. annars er aðstaðan rosalega hugguleg og kozy, mjög þægilegt umhverfi
- There has been a lot going on with the extention, however the enclosed playarea which is being built will be wonderfully accesable and safe. On the otherside of the house the soft play flooring is superb! Inside the classrooms seem to be versetile and the staff make good use of all areas. Often I see starf and children using the corridors as games and teaching areas.
- Ég hef bara ekkert út á þetta að setja ef börnunum líður vel innan sem utan húsnæðis :)
- Fínn leikskóli. Mætti vera hlið fyrir stigann sem liggur niður í salinn.

6. b) Ef þér finnst námsumhverfi barnsins frekar eða mjög letjandi og óaðlaðandi, getur þú bent stjórnendum leikskólans á hvað megi gera betur til þess að gera umhverfið meira hvetjandi og aðlaðandi?

- Mætti skreyta leikskólann meira, leyfa krökkunum að mála/lita myndi og hengja upp, mikið af veggjum leikskólans eru hvítir og auðir. Það vantar alveg autt gras til að leika sér í, einungis steypa eða hellulagt, leiðinlegt að geta ekki leikið sér úti í grasi á sumrin.
- Glataður kjallari, tröppur sem hægt er að keyra niður á kollum á hjólum væri hægt að setja hálfann vegg, jafnvel gegnsæjan eða hlið. Kæruleysi vegna framkvæmda alveg ótrúlegt, málning og efni útum allt þegar á því stóð, börnin hlaupa á milli ganga og engin fylgir eftir, draga hvort annað og engin stoppar. Reyndar bara dæmi tvisvar sinnum.
- Leikvöllur við skólann er mjög lélegur, lítið útisvæði og gömul tæki.
- Mætti gera meira úr leiksvæði að framan.
- húsnæðið er flott, mér þætti gaman að sjá fleiri litríkar myndir á veggjum t.d. stafrófsblöð með myndum, tölustafi og svona námshvetjandi plaggöt.
Leiksvæðið er fínt, en svolítið lítið en það bætist vonandi úr því þegar það nýji útivöllurinn kemst í gagnið. Starfsfólk hefur verið duglegt að leita lengra, á aðra róluvelli og garða og jafnvel bara skólalóð. Það er mjög gott og mætti alveg fara að auka það aftur.
- Mér finnst ábótavant útisvæði leikskólans. Ekki mikið fyrir lítil börn
- Útisvæði mjög ábótavant, ekki pláss fyrir börn á fimm deildum að leika sér úti, of fá leiktæki, nýja svæðið er slysagilda þegar hált er úti.
Inni, deildin sem slík er ágæt en öryggi er á mörgum stöðum ábótavant, rúllustólar í fataklefa nýja hluta bjóða uppá að fara niður stigann sem liggur að útisvæðinu (handrið öðru megin). Hurðir úr fataklefum og út eru ekki öruggar-vanstilltar hurðapumpur svo þær lokast ekki og börnin ná að komast sjálf fram í anddyri og þá er leiðin greið út. Sama á við um margar hurðir inni á deildirnar en þar eru líka klemmuvarnir á hurðum ekki rétt stilltar eða bara drasl.
- Deildin sjálf er í lagi fyrir utan hurðapumpuna sem nær ekki að loka alveg og skapar þannig hættu á að barn klemmi sig eða komist fram á gang.
Í fataklefa barnsins stigi niður á útisvæði sem hefur bara handrið öðru megin og býður líka uppá að einhver gossi þar niður á rúllustólunum sem eru í fataklefanum, hlið mundi leysa það vandamál.
Útisvæðið er lítið og óspennandi, ekki nóg af tækjum og nýja svæðið er ónothæft ennþá og hættulegt að ganga þarna um í hálfu.
- Allt of lítill garður fyrir stækkandi leikskóla, hann er líka frekar miðaður að þörfum yngri krakka en þeirra eldri.
- Leikvöllurinn er of lítill og of óspennandi fyrir stærri börnin, því þarf að breyta.

7. a) Ef þér finnst efniviðurinn (leikföngin/ kennslugögnin) mæta námsþörfum barnsins að litlu eða að engu leyti hvaða efnivið vildir þú að barni hefði aðgang að til þess að efla nám sitt frekar í leikskólanum?

- Hef ekki kynnt mér þetta nóg, eða verið upplýstur um þetta
- Þar sem minn er algjör bílakall væri ég til í að sjá meira af bílum, brautum og þess háttar.

8. a) Ef leikskólinn upplýsir þig mjög eða frekar vel um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum, getur þú nefnt dæmi um slíkt?

- Alltaf sendir póstur eða talað við okkur þegar við komum
- Þeir upplýstu okkur foreldrana um SMT-kerfið sem skólinn starfar eftir og hvernig umhverfið í leikskólanum mótast af því.
- Leikskólinn er með virka heimasíðu, myndir og fréttir af starfinu ásamt því að hafa td. haldir kynnskivöld um stefnu leikskólans
- PMT foreldrafærni
- Litlar upplýsingar. Líklega á heimasíðunni.
- Öllum stendur til boða að lesa sér til um uppeldis og mentastefnu skólans á vefsíðu skólans. Einnig fékk ég góða kynningu á því þegar barnið mitt var í aðlögun.
- stefnan skýr, tölvupóstur og heimasíða.
- Vefsíðan, samskipti og annað.
- heimasíða leikskólans
- reglulegir tölvupóstur.
- Upplýsingarfundurinn sem haldinn var í den.
- ég fékk upplýsingar um að skólinn sé með / vinni eftir smt og bækling til að lesa
- Fæ upplýsingar frá kennurum, tölvupósti og á vef skólans.
- I have been told about the courses taht are run at teacher / parent meetings. Also at the meetings that the playschool olds for all the parents...probably also by e-mail...I can't remember now.
- það er haldinn fundur og þetta kynnt og svo eru allar upplýsingar á heimasíðunni.
- Upplýsingar á heimasíðu, tölvupóstsamskipti og síðast en ekki síst er haldið mjög vel utan um persónulega námsáætlun/kennsluskrá barnsins, reglulegir fundir og aðgengilegir sérfræðingar.
- Þau boða okkur reglulega á fundi að tala saman.
- Fáum reglulega tölvupóst um það er í vændum. Góð heimasíða.

8. b) Ef leikskólinn upplýsir þig frekar eða mjög illa um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum getur þú bent stjórnendum á leiðir um það sem betur má fara í upplýsingamiðlun?

- Í upphafi vetrar mætti kynna fyrir foreldrum áherslur í starfinu hverjar sem þær eru á hverjum tíma (tölur, stafir, texti, form og litir ofl) og hvort foreldrar geti gert meira og þá kannski í samvinnu við leikskólann til að hjálpa til við lærdóminn

9. a) Ef samskipti þín við starfsmenn leikskólans eru mjög eða frekar góð, getur þú nefnt dæmi um samskipti sem styður skoðun þína?

- Segja mér alltaf frá deginum ,eða senda okkur póst
- Þar sem að bæði börnin mín hafa átt erfitt með aðlögun þá hef ég þurft að hafa mikil samskipti við bæði deildarstjóra og stjórnendur og að hefur alltaf verið tekið ofsalega vel á móti mér og hlustað á mig. Allir starfsmenn sem ég hef rætt við hafa verið boðnir og búnir til að gera hvað sem í þeirra valdi stendur til að láta börnunum líða betur.
- Leiksskólustjóri spyr hvernig gangi með skólavist barns, starfsfólk á deild tilbúið að svara spurningum ef einhverjar eru, ræða við okkur um það sem fram fór þann daginn, hlýlegt viðmót.
- Sýna honum hlýju og væntumþykju, reyna eftir bestu getu að koma á mótis við mig og okkur fjölskylduna hvað varða dagsdagleg atriði
- Öll samskipti sem ég hef átt við starfsfólk með bæði börnin mín hafa verið frábær og til fyrirmyndar. Börnin mín hafa þurft mikinn stuðning og starfsmenn veitt hann.
- Hlustað á óskir manns varðandi barnið.
- Get alltaf leitað til þeirra eftir upplýsingum um líðan barnsins í leikskólanum. Fæ samdægurs upplýsingar ef um vanlíðan eða óhöpp er að ræða. Barnið mitt virðist upplifa ánægulegt starfsumhverfi.
- glaðlegt viðmót, allt easy going
- Skilningsríkar, spjalla við mann og bara yndislegar.
- jákvæðni og glaðlindi
- Almenn kurteisi þegar komið er á leikskólann, bros og boðið góðan dag. Ef leitað er til starfsfólks þá er það almennt tilbúið til þess að mæta þeim bónum.
- Þau láta vita ef eitthvað kemur fyrir, og eins þegar við sækjum barnið þá er látið vita hvernig gekk.
- Samskipti milli vakta mættu oft á tíðum vera betri.
- Það er bara góð þjónustulund og ekkert mál að gera það sem að maður er að biðja um allt skráð og ekkert mál að verða við því sem að maður er að fara fram á
- Starfsfólkið alltaf jákvætt, hlustar og stjórnendur til fyrirmyndar.
- Ekkert sérstakt dæmi en starfsmennirnir á deildinni eru dásamlegir í alla staði og vilja barninu vel og það skín í gegn.
- Kennararnir eru einstaklega jákvæðir og glaðir í viðmóti. Gaman að fá upplýsingar nánast á hverjum degi um hvernig hefur gengið og skemmtilegar sögur af barninu.
- Kristín in Helgafell is now Amma Kristín :). In the mornings when I bring my son to school they greet me and make me feel welcome...and we chat and share things about each other, for example when Kristín was waiting for her first grand-child.
- Mér finnst bara frábært hvað starfsmenn taka vel á móti barninu og kveðja áður en þau fara heim , og hvað starfsmenn eru vel upplýstir varðandi allt
- Starfsfólk aðgengilegt og þægilegt viðmóts, alltaf til í að tala um daginn hjá barninu.
- Gott upplýsingaflæði milli starfsfólks og foreldra.
- Þær taka alltaf vel á móti okkur og barninu okkar. Þær gefa sér tíma í að hlusta á okkur og vinna saman með mál sem varða barnið.
- Jákvætt og glaðlynt starfsfólk.

9. b) Ef samskiptin eru mjög eða frekar slæm, getur þú bent starfsmönnum leikskólans á atriði sem þeir geta lagfært til þess að bæta þau?

10. a) Ef þú ert mjög eða frekar ángæð(ur) með matinn, getur þú nefnt dæmi um hvað það er sem þú ert helst ánægð(ur) með?

- Hef litla skoðun á matnum, best væri ef hann væri eldaður á staðnum en mér skilst að skólamaturinn sé ágætur. Plúsinn er grænmeti og ávextir sem börnum stendur til boða
- fjölbreytni, fisk tvisvar í viku, boðið upp á grænmeti og ávexti
- Ánægð með allt.
- ég væri til að fá að vita hvaðan maturinn kemur, og er notast við lífrænt?
- er ánægður að sjá hollan og fjölbreyttan matseðil
- Matinn :)
- fjölbreytni og heimilismatur.
- niðurskorið grænmeti og ávextir
- Þau gefa börnunum fisk 2-3 í viku og þau fá lýsi með morgunmatnum
- það er matur frá skólamat sem að mér finnst mjög finnur matur
- Maturinn er mun betri núna en hann var en best væri ef það væri matráður á staðnum í staðinn fyrir að allt sé hitað upp.
- Fer í mig að barnið sé að fá upphitaðan mat í hádeginu, maturinn er reyndar skömminni skárri en hann var hjá matráðnum sem var við skólann en best væri ef maturinn væri hollur, góður og eldaður á staðnum, mætti líta matseldar á Norðurbergi sem er snilld.
- Mjög vel komið til móts við sérþarfir í mat. En mér finnst að það ætti að vera hafragrautur á hverjum morgni. Einnig finnst mér að það ætti allaf að vera gróft brauð í kaffitímanum, skúffukökur og hart hrökkbrauð ætti ekki að vera á matseðlinum.
- er ánægð með fjölbreytnina og allt grænmetið og ávextina. passa bara að það sé nóg af því og vatni að drekka þá er ég sátt.
- To be honest with you I don't read the menu but I am happy that the staff worked with me to monitor that my child eats enough, but does not get into the habit of over-eating.
- bara góður heimilismatur
- Ég er stundum ekkert að spá í hvað börnin eru að borða í leikskólanum en ég spyr þau alltaf hvað var í matinn og hvort það hafi verið gott og ef þau eru ánægð þá erum við ánægð :))
- Ég er mjög ánægð með að börnin fá ávexti með morgunmat og í millimál. Fyndist samt að þar sem að boðið er upp á leikskóladvöl fyrir börn yngri en 1. árs að það mætti taka meira tillit til hvað þeim er boðið uppá en auðvitað frekar erfitt þar sem maturinn er ekki eldaður á staðnum.
- fjölbreytileiki
 - Ekki komin reynsla

10. b) Ef þú ert mjög eða frekar óánægð(ur) með hollustu matarins, hvað er það helsta sem þarf að bæta?

- Fjölbreyttari ávextir og fjölbreyttari morgunmatur.
- Mér finnst óþarfi að setja sykur út á hafragrautinn
- Minni sykur, minna af unnum mat, best væri ef maturinn væri eldaður í eldhúsi skólans en ekki sendur annarstaðar frá.
- Er mjög ósátt við að Skólamatur sjái um matinn í leiksskólanum, finnst þeir ekki bjóða upp á það sem er best og alls ekki hollur matur þar á fer. Of mikið af unnum kjötvörum. Margar tegundir af morgunkorni kemur blandað saman í fötu á hverja deild.

12. Eru önnur atriði sem þú vilt koma á framfæri við leikskólann eða rekstraraðila?

- Mætti laga útiaðstöðuna
- Finnst leikskólinn til fyrirmyndar, er mjög ánægð með SMT stefnu leikskólans og þá umhyggju sem er borin fyrir börnunum
- Alltaf má gott bæta, ég er örugg um barnið mitt á meðan það er í skólanum og sé að því líður vel.
- Minn gutti er 2 ára og elskar að vera úti að leika, það mætti fara með hann út yfir daginn :)
- Það var ofsalega metnaðarfullt starfsfólk að vinna þegar mitt barn byrjaði í aðlögun sem var að vinna frábært starf. Einhverjir hafa hætt og aðrir komið í staðin. Mér finnst metnaðurinn meðal nokkurra (ekki allra) ungra starfsmanna á deildinni ekki vera eins mikill, og mér þætti gaman að sjá meiri metnað meðal þeirra starfsmanna. Það var ungt fólk áður sem var að vinna frábært starf - svo aldur er engin hindrun. Að sjá metnaðinn og áhuga fyrir starfinu sínu það er það sem veitir foreldrum fullvissu um að verið sé að gera allt og meira en það til þess að veita barninu góða menntun, góða daga í leikskólanum og góðra minninga.

Sem foreldri er ég mjög ánægt með leikskólann, starfsfólkið í heild sinni og deild barnsins. En ég sakna nokkurra starfsmanna sem gerðu starfið mjög metnaðarfullt - núverandi starfsfólki ólöstuðu. En það skiptir miklu að heyra frá starfsfólki hvað var gert skemmtilegt í dag og hvernig barninu leið, eitthvað skemmtilegt sem það sagði. Finnst svolítið eins og ég sé að setja út á núverandi starfsfólk - það er ekki málið, heldur finnst mér eins og metnaðurinn geti verið ögn meiri.

Heilt yfir er ég sem foreldri mjög ánægt með leikskólann og finnst þið hafa staðið ykkur mjög vel.

- Enn og aftur samskipti milli vakta. Einnig mætti bæta upplýsingar varðandi hvernig barnið borðaði yfir daginn.
Svo væri fínt ef hægt væri að senda matseðla í tölvupósti.
- Lagið útsvæðið, hurðastopparana og setjið hlið fyrir stigaop í fataklefa. Takk fyrir loftræstikerfið, löngu, löngu, löngu kominn tími á það. Eitt að lokum hættið að hækka leikskólagjöldin og matargjaldið, foreldrar eiga ekki fleiri þúsundkalla fyrir ykkur og finnið aðrar lausnir til þess að fjármagna reksturinn eða takið upp afsláttarkerfi aftur. Kemst enginn inn í afsláttarkerfið eins og það er í dag.
- Þið þurfið að kippa í liðinn það sem við töldum upp að væri að húsnæði og leiksvæði leikskólans. Hættið að hækka leikskólagjöld og matargjöld, tel það óeðlilegt að hafa gengið í gegnum svona margar hækkanir á leikskólagjöldum og matargjöldum á tæpum fjórum árum.
- passa betur uppá föt og hluti sem þau eru með í leikskólann (inniskó, bangsa og annað). setja blaut föt í þurrskápinn og læra að raða í hann. Þrifa börnin betur í framan og um hendur eftir mat ef þau gerðu það ekki nógu vel sjálf þá hjálpa þeim. snýta þeim oft af þau eru kvefuð (það sést alveg ef þau eru það)
- I have 2 older daughters aged 7 and 9 years and so have experience in total of 4 playschools. In my opinion the staff at Álfaberg are in first place when it comes to care and the well-being of my child. I know that I can trust the management to do what is best for him...for example when we came back after the summer break how Linda and Lilja planned Elías's placement taking into account that Katí was leaving and the building work disruption. They truly put

him in a group that allowed him to blossom and the move to the new department Helgafell went smoother than I could have wished for. Thank you.

- Ef börnin okkar eru ánægð þá erum við ánægð :)
- Þakklæti fyrir gott utanumhald fyrir barn með sérþarfir.
- Það mætti merkja leikskólann betur að utan og svo er forvitnilegt að vita hvenær útisvæðið fyrir yngstu börnin verður tilbúið :)
- Ég er með barn sem þarf sérstaka þjónustu og mikla athygli og þær hafa staðið sig frábærlega í því að kynna sér mál hans og leita sér þekkingar og þjálfunar til að hjálpa honum.